



Fundargerð

Aukaársfundur 4. október 2018

Aukaársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn fimmtudaginn 4. október 2018 kl. 15:00 að Strandgötu 3, 2. hæð. Arna Jakobína Björnsdóttir aldursforseti stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún stakk upp á sjálfri sér sem fundarstjóra og Einari Ingimundarsyni sem fundarritara. Samþykkti fundurinn þá tillögu.

Í upphafi gerði fundarstjóri grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og er fundurinn því lögmætur. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Breytingar á samþykktum

Einar Ingimundarson lögmaður kynnti og fór yfir tillögur að samþykktabreytingum sem lágu fyrir fundinum. Breytingarnar snúa fyrst og fremst að því að heimila sjóðfélögum LSA að taka hálfan ellilífeyri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Einnig var lögð til breyting á því ákvæði samþykktasem segir að bæjarstjóri skuli ávallt vera formaður stjórnar sjóðsins. Ákvæðið er að mati bæjarstjórnar og stjórnar sjóðsins of þröngt og því var lögð til breyting þess efnis að bæjarstjórn hafi val um það hvort bæjarstjóri eða sviðstjóri fjársýslusviðs bæjarins gegni embætti stjórnarformanns.

Bæjarstjórn og stjórn Kjalar hafa samþykkt breytingatillögurnar líkt og áskilið er í 32. gr. samþykktasjóðsins.

Að lokinni yfirferð gaf fundarstjóri orðið laust.

Ekki komu fram neinar fyrirspurnir eða umræður um breytingatillögurnar.

Bar þá fundarstjóri undir fundinn hvort hann fundarmenn vildu greiða atkvæði um hverja breytingatillögu fyrir sig eða hvort bera mætti allar tillögurnar í heild upp til samþykktar. Enginn ósk kom fram um að greiða atkvæði um hverja breytingatillögu fyrir sig og voru tillögurnar því bornar í heilu lagi undir fundinn og **samþykktar samhljóða**.

2. Stjórnarkjóri lýst

Fundarstjóri greindi frá skipan stjórnar sbr. 4. gr. samþykktas. Stjórn sjóðsins er skipuð til fjögurra ára í kjölfar bæjarstjórnarkosninga.

Aðalmenn:

Formaður

Dan Jens Brynjarsson, sviðstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar

Tilnefndir af Akureyrarbæ

Gunnar Gíslason

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Tilnefndir af Kili, stéttarfélagi starfsmanna í almannabjónustu

Arna Jakobína Björnsdóttir.
Hanna Rósa Sveinsdóttir.

Varamenn:

Tilnefndir af Akureyrarbæ
Eva Hrund Einarsdóttir,
Halla Björk Reynisdóttir

Tilnefndir af Kili, stéttarfélagi starfsmanna í almannþjónustu
Árni Egilsson,
Kristinn Bjarnason.

3. Önnur mál

Enginn fundarmaður óskaði eftir umræðu um önnur mál og var fundi slitið kl. 15:30

Fundarstjóri

Fundarritari

Arna Jakobína Björnsdóttir

Einar Ingimundarson